

Sögulegur fjársjóður í Flóa

Menningarsetrið Íslenski bærinn að Austur-Meðalholtum geymir einn fárra varðveittra torfbæja landsins sem hjónin Hannes Lárússon og Kristín Magnúsdóttir hafa endurreist.

Íslenski bærinn að Austur-Meðalholtum í Flóahreppi, skammt fyrir utan Selfoss, er einn af fáum varðveittum torfbæjum landsins. Hjónin Hannes Lárússon myndlistarmaður, sem er fæddur og uppalinn á staðnum, og Kristín Magnúsdóttir lífefnafræðingur hafa verið síðastliðnum 25 árum í að endurreisa bæinn í sinni upprunalegu mynd og byggja upp ýmsa lífræna ræktun. Þau halda úti metnaðarfullri og blómlegri menningarstarfsemi á bæjarhólnum og opna upp úr miðjum júní sýningu um íslenska torfbæinn, sögu hans og sérstöðu.



Staðarhaldarar Hannes Lárússon og Kristín Magnúsdóttir: „Torfbærinn er merkasta framlag norðurhjarans til heimsbyggingarlistarinnar.“

„Menningarsetrið Íslenski bærinn er allt í senn húsaþorp, sýningarstaður, samkomustaður og leikvöllur sem hverfist um íslenska torfbæinn og græna byggingarlist,“ segir Hannes. „Þetta hafði lengi verið gamall draumur en ég bjó hér

til ársins 1964, þegar bærinn var yfirgefinn og fjölskyldan fluttist til borgarinnar. Árið 1986 var hafist handa við endurreisn bæjarins og svo hefur eitt leitt af öðru. Gamli torfbærinn er kominn í sitt upprunalega horf með baðstofu, hlóða-



Baðstofugafliinn Flest bæjarhús hafa gengið í endurnýjun lífdaga á síðustu árum.



eldhúsi, smiðju, hjalli og hlöðu, ásamt fjósi sem er í byggingu, og nú hillir undir opnun staðarins í heild sinni.“

Djúpar rætur

Hannes bendir á að öll hús að Austur-Meðalholtum hafi verið torfhúsabyggingar, flestar byggðar á grunnri byggingu frá 19. öld eða eldri. „Austur-Meðalholt er skilgetið afkvæmi íslenskrar torfbæjarhefðar, búskaparháttar og bændamenningar sem endurspeglast í öllum hugsunarhætti, byggingaraðferðum og notkun byggingarefnis. Hér var búið hefðbundnum blönduðum búskap allt til ársins 1965, þegar Hannes afi minn brá búi.“

Búskaparhættir voru alla tíð með gamla laginu og hér var aldrei notast við vélknúin landbúnaðartæki. Allur húsakostur er með djúpar rætur í íslenskum torfbæjararfi en meðan búið var í bænum voru jafnan ekki færri en 10 til 15 hús á bæjarhólum, ásamt heygarði og kálgarði umluktum torfveggjum, auk útihúsa.“

Hænur á hlaði

Nýju lífi verður eins og áður sagði hleypt í menningarsetrið að Austur-Meðalholtum með yfirgripsmiklum sýningum og stefnt er að opnun svæðisins fyrir Jónsmessu. Landnámsþætur taka á móti gestum, spígsporandi um hlaðið, en þær hafast annars við í nýbyggðu hænsnahúsi og bogadregnu torfgerði.

„Meginumgjörð starfseminnar er nýbyggður skáli sem reistur hefur verið í anda vistverndar, bæði hvað varðar notkun byggingarefna, mótun rýma og aðlögun að staðháttum. Orka er unnin úr jörðu og vindi, með hjálp varmadælu og svipmikillar vindmyllu sem er í uppsetningu, og viðarofnar eru viðbót-arhitagjafir í helstu salarkynnum.“

Sýningunni er ætlað að túlka

„Búskaparhættir voru alla tíð með gamla laginu.“

aldagamlan og einstakan byggingararf inn í samtímann með samþættingu, fræðimennsku, listrænni

nálgun og varðveislu verkmenningar. Að mínu mati er torfbærinn merkasta framlag norðurhjarans til heimsbyggingarlistarinnar. Hann er í sem frumlegur, finlegur og umfram allt fallegur og baðstofan, sem er hjarta bæjarins, einkennist af kyrrð, hlýju og mýkt og er eitt af höfuðdjásnum íslenskrar menningar.“

Hunang og sól

Hannes og Kristín stunda lífrænan búskap, grænmetis- og býflugnarækt, og gestir Íslenska bæjarins fá meðal annars að njóta afurðanna í kaffihúsinu Vöðlakoti. „Við stundum margvíslega lífræna grænmetisræktun í gamla kálgarðinum á vestanverðum bæjarhólum. Þar erum við einnig með býflugnabú og á góðu sumri draga flugurnar að tugi kílóa af hunangi úr margbreytilegum mýrarblómum og blómstrandi mjádjurtarbreiðum.“

Í Vöðlakoti bjóðum við upp á eigin framleiðslu og ýmislegt lífrænt og þjóðlegt góðgæti; hunang, sól, kleinur og rjómapönnukökur. Vöðlakot er lítið og fallegt timburhús af ætt húsa sem marka síðasta þróunarstig torfbæjararfsins á Suðurlandi. Í blómagarðinum undir húsveggnum má greina plöntur frá fyrstu áratugum garðræktar héraðs; venusvagn, ramfang, silfurhnapp, næturfjólur og dagstjörnu.

Segja má að heimsókn að Austur-Meðalholtum sé upplifun í víðum skilningi þar sem menningin, náttúran og líf fólksins í landinu kristallast í einni heild. Það er ekki úrlausu lofti gripið að yfir dyrum Íslenska bæjarins standa einkunnarorð staðarins: Þar sem náttúran er hluti af húsinu.“ beggo@mbl.is

islenskibaerinn.is
facebook.com/islenskibaerinn



Húsaporpið Íslenski bærinn; sýningarskáli, kaffihúsið Vöðlakot og gamli bærinn að Austur-Meðalholtum í bakgrunni.